

Heimilisfræði 7.bekkur

Kennarar: Dagný Baldursdóttir

7

Skólaárið

2025 -2026

Helstu námsþættir vetrarins

Nemendur fá þjálfun til að geta farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld. Að nemandi geti matreitt seinfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best. Farið verður yfir hvernig nemendur geti sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði ásamt því að nemandi geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.

Nemendur fá þjálfun í að vinna með öðrum, leggja sitt af mörkum í samvinnu og að taka leiðsögn. Unnið verður með að vera kurteis og hjálpsamur ásamt því að geta hlustað á aðra og virt skoðanir þeirra.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Bekknun er skipt í fjóra hópa og er hópunum kennt í fjórum lotum yfir veturinn. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku, 60 min í senn.

Námsaðlögun

Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu fyrst. Nemendum er svo skipt í tveggja manna hópa til að vinna verkefnin og er einstaklingsaðstoð veitt svo allir ná sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Námsmat

Þeir þættir sem horft er til í námsmati eru áhugi, stundvísi, vinnubrögð, frágangur, samvinna og framkoma.

Leiðbeinandi símat er í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð.

Námsgögn

Gott og gagnlegt fyrir 7.bekk